

Alþingi
Erindi nr. P 140/504
komudagur 29.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2011

Umsögn vegna Tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, þingskjal 244 - 238. mál.

Ég vil þakka Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fyrir að fá að gera athugasemdir við þessa þingsályktunartillögu.

Ég hef engar athugasemdir við þessa tillögu og er því mjög fylgjandi þetta svæði verði gert að þjóðgarði. Í tillögunni eru ágætar lýsingar á náttúrufari á svæðinu milli Þorskafjarðar og Vatnsfjarðar, minnst er á hvað einkennir svæðið, hvaða sjaldgæfar plöntur og fuglategundir eru á svæðinu, hvaða birkiskóga þarf að vernda (s.s. Teigsskóg) og minnst er á jarðfræði svæðisins. Það mætti bæta við að við austurmörk þessa sjást merki um gamlar eldstöðvar (t.d. hin sérstæðu Vaðalfjöll).

Þetta svæði hefur verið vinsælt útivistarsvæði og er ferðamennska vaxandi. Ég hef orðið var við að það er að verða æ vinsælla hjá kæjarræðurum og gönguferðir um Teigsskóg og Hallsteinsnes (þar sem ég þekki nokkuð til) hafa t.d. stóraukist á síðustu 4-5 árum.

Ég tel semsagt að þetta svæði henti einstaklega vel sem þjóðgarður. Þarna eru sérstæðir firðir og nes og sérstök náttúra. Að því liggja Breiðafjörður að sunnan og friðlandið í Vatnsfirði að vestan. Það er því ástæða til þess að fagna því að þessi tillaga hefur komið fram á Alþingi, hver sem endanleg flokkun þjóðgarðsins yrði.

Virðingarfyllt



Gunnlaugur Pétursson

Blesugróf 24

108 Reykjavík